

Sp.

368. Fyrirspurnir.

[191. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um undirbúning að byggingu og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Hvað líður undirbúningi að stofnun og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur samkvæmt lögum nr. 20 16. apríl 1955?
2. Hve margar íslenskar stúlkur hafa verið sendar á erlend vistheimili síðan 1956, og hve margar dveljast þar nú?
3. Eru til nokkrar skýrslur um það, hve margar stúlkur þurfa heimilisvist, og ef svo er, þá hverjar?
4. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til þess að framkvæma fyrrnefnd lög frá 1955?

II. Til ríkisstjórnarinnar um niðurgreiðslu á vöruverði.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

1. Hvaða vörutegundir voru greiddar niður, og hve miklu nam niðurgreiðslan á hverri vörutegund á s. l. ári miðað við kg eða lítra?
2. Hvað er áætlað, að niðurgreiðsla á hverri vörutegund nemi miklu samtals á yfirstandandi ári?